

Nd.

182. Nefndarálit

um frumvarp til laga um skattanefndir.

Með því að verkswið skattanefnda samkvæmt frumvarpi þessu er alt annað og miklu viðtækara en eftir núgildandi tekjuskattslögum, hefir þótt tryggilegra

að skipun þeirra sje hagað nokkuð á annan veg, og sjerstaklega, að nefndarmenn sjeu skipaðir til lengri tíma. Þó virðist helst til langt gengið í þessa átt, þar sem svo er ákvæðið í 3. gr. frumvarpsins, að yfirs kattane fndarmenn sjeu skipaðir æfilangt, og þykir nægja, að sama regla gildi um starfstíma þeirra sem skattane fndarmanna.

Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins getur skattane fnd kvatt sjerfróðan mann sjer til aðstoðar við virðingargerðir. Þetta ákvæði þykir rjett að fella burt, ekki fyrir þá sök, að neitt verulegt verði haft á móti því í sjálfu sjer, heldur af því, að hætt er við, að slik almenn heimild geti leitt til þess, að skattane fndir freistist til að velta af sjer vanda, og baka þar með landssjóði óþarfan kostnað. Á hinn bóginn leiðir það af sjálfu sjer, að nefndirnar hljóta að afla sjer allra nauðsynlegra upplýsinga og leiðbeininga, til þess að leysa verk sitt vel af hendi.

Eftir 6. gr. er það algerlega lagt á vald yfirs kattane fndar, hverra upplýsinga hún leitar, áður en hún leggur úrskurð á kærur, en tryggilegra þykir að jafnan sje leitað álits skattane fndar, áður en fullnaðarúrskurður er upp kveðinn.

Aðrar þær breytingartillögur, er nefndin hefir komið sjer saman um, snerta fremur orðfæri en efni og eru svo augljósar, að ekki þurfa skýringa við. Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með breytingum þeim, er hjer fara á eftir :

1. Við 3. gr. Í stað orðanna »skulu skipaðir æfilangt. Skattane fndarmenn« komi: og skattane fndarmenn.
2. — 5. — Fyrir »sjerskilin« (í 3. línu) komi: sjerstök.
3. — 5. — Fyrir »þær sem skattskyldar eru« komi: þau sem skattskyld eru.
4. — 5. — Orðin »Skattane fnd getur kvatt sjerfróðan ... þörf krefur« falli burt.
5. — 6. — Á eftir orðunum »Yfirs kattane fnd fellir úrskurð um kæruna« komi: að fengnu áliti skattane fndar.
6. — 7. — Í stað orðanna »upp á æru og samvisku« komi: undir drengskap sinn.
7. — 7. — Fyrir »eigandinn« komi: eigandi.
8. — 7. — Orðið »um« á tveim stöðum síðast í greininni falli burt.
9. — 8. — Fyrir »hvers eins« komi: hvers manns.
10. — 8. — Fyrir »þykir« komi: þyki.
11. — 9. — Orðin »samkvæmt fyrirmynd, er stjórnarráðið semur« færast fram fyrir orðin »yfir alla þá menn«.
12. — 10. gr. Fyrir »ákvörðun« komi: ákvæði.
13. — 10. — Fyrir orðin »kæra yfir því« komi: kæra það.
14. — 11. — Í stað orðanna »er því máli þar með lokið« komi: er það fullnaðarúrskurður.
15. — 13. — Orðin »hinir skipuðu« falli burt.
16. — 13. — Fyrir »tilbúa« komi: búa til.
17. — 16. — Fyrir »tapar« komi: fyrirgerir.

18. Við 16. — Í stað orðanna »yfir ákvörðun« komi: ákvæði.
19. — 16. — Fyrir »áætlaðar« komi: ákveðnar.
20. — 16. — Fyrir »hinni rjettu« (á 2 stöðum) komi: rjettri.
21. — 17. — Í stað orðanna »áætlaðar töluvert lægri« komi: ákveðnar mun lægri.
22. — 18. — Fyrir »einhvers af nefndarmönnum« komi: nefndarmanns.
23. — 18. — Í stað orðanna »yfir ákvörðun« komi: ákvæði.

Neðri deild alþingis, 25. júlí 1913.

Jón Magnússon,
form.

Ólafur Briem,
skrifari og framsögum.

Matth. Ólafsson.

Jón Ólafsson.

Með skirskotun til álits minni hlutans um frv. til laga um fasteignarskatt.

Kristinn Danielsson.

Halldór Steinsson.

Tryggvi Bjarnason.